

HVAÐ ER AÐ VERA LÆS?

Læsisráðstefna í Háskólanum á Akureyri



**GUÐMUNDUR
ENGILBERTSSON**

Lektor
Háskólinn á Akureyri



**DR. JÓHANNA T.
EINARSDÓTTIR**

Prófessor
Háskóli Íslands



**AUÐUR S.
BJÖRGVINSDÓTTIR**

Aðjúnt
Háskóli Íslands



**GUÐBJÖRG R.
ÞÓRISDÓTTIR**

Læsisráðgjafi
Miðstöð menntunar



**DR. ÍVAR RAFN
JÓNSSON**

Lektor
Háskólinn á Akureyri



**BRAGI VALDIMAR
SKÚLASON**

Tónlistarmaður og
íslenskufraeðingur

Á VEGUM:

MÍÐSTÖÐVAR MENNTUNAR OG SKÓLAÞJÓNUSTU
MÍÐSTÖÐVAR SKÓLAÞRÓUNAR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

14. SEPTEMBER 2024
9:30-16:00

DAGSKRÁ

Hvað er að vera læs?



FREYJA
BIRGISDÓTTIR

Ráðstefnan er haldin í Háskólanum á Akureyri
14. september 2024.

Ráðstefnustjóri er Freyja Birgisdóttir, sviðsstjóri við
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

14. september - ráðstefna 2024

09:00 - 09:30

Húsið opnar - kaffi og vatn

09:30 - 09:40

Setning - Þórdís Jóna Sigurðardóttir

09:40 - 10:40

Læsi og nám - Guðmundur Engilbertsson

10:50 - 11:20

Mál- og vinnustofulota I

11:25 - 11:55

Mál- og vinnustofulota II

12:00 - 12:45

Hádegishlé - veitingar í boði í Miðborg

12:50-13:30

Aðalerindi - þrískipt

13:45-14:15

Mál- og vinnustofulota III

14:20 - 14:50

Mál- og vinnustofulota IV

14:50 - 15:10

Kaffi

15:10 - 15:45

Mál málanna - Bragi Valdimar Skúlason

15:45 - 16:00

Ráðstefnuslit - Áslaug Ásgeirsdóttir rektor HA

AÐALFYRIRLESARAR

Hvað er að vera læs?



**GUÐMUNDUR
ENGILBERTSSON**

Læsisfræðingur og lektor í
menntunarfræði við
Háskólann á Akureyri

Læsi og nám

Læsi felst í að búa yfir þekkingu og færni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi. Með texta er átt við ritmál en einnig myndmál, talmál og önnur kerfi tákna. Markmið læsis samkvæmt aðalnámskrá felur í sér að nemendur geti skapað eigin merkingu og brugðist á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa. Læsi í skilningi OECD felur í sér getu nemenda til að beita þekkingu sinni og færni til að greina, skilja, leysa og útskýra viðfangsefni námsgreina. Að ofangreindu má sjá að í læsi felst hæfni sem auðvelt er að tengja við nám.

Til þess að geta kafað af dýpt í ólíkar námsgreinar þarf fyrst að öðlast grunnþekkingu á efninu og til þess að hagnýta efnið á greinandi og skapandi hátt þarf að hafa djúpan skilning á því. Segja má að fyrst verði að þróa með sér grunnskilning til að geta öðlast dýpri skilning og djúpur skilningur getur með ráðum og dáð stuðlað að hæfni til yfirfærslu eða nýmyndunar. Það er ferli sem hægt er að skilgreina sem grunnnám, djúpnám og yfirfærslunám og námsferlið sem slíkt stuðlar að lykilhæfni. Eitt mikilvægasta gangverkið í þessu ferli er tungumálið, verkfæri hugans.

Mikilvægt er að skilja að ráðin sem hæfa best fara eftir því hvar nemendur eru staddir í námsferli sínu og gildi þeirra ráða er bundið mörgum og ólíkum aðstæðum. Umræða um læsi hefur á undanförunum árum snúist um lestrarfærni á mörkum leik- og grunnskóla á stigi grunnnáms og þætti sem skipta máli á því stigi. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um læsi og nám á stigi djúpnáms og yfirfærslunáms og náms á mið- og unglingsstigi grunnskóla og í framhaldsskóla og þá mikilvægu hugrænu færni sem slíkt nám kallar á. Í erindinu verður fjallað um kenningar um læsi á mismunandi stigum náms og rannsóknir á hvers kyns læsi og náms- og kennsluaðferðir stuðla að árangri á ólíkum stigum náms.

AÐALFYRIRLESARAR

Þátttakendur velja eitt af
eftirfarandi erindum

Stofa M101



**DR. JÓHANNA T.
EINARSDÓTTIR**

Prófessor við
Háskóla Íslands

Hvað er til ráða varðandi stöðu fjöltyngdra barna á Íslandi?

Rannsóknir á málfærni fjöltyngdra barna á Íslandi benda til slakrar færni þeirra í íslensku. Við lok leikskólans mælast fjöltyngd börn um tveimur til þremur staðalfrávikum frá meðalgetu eintyngdra jafnaldra á staðlaða málþroskaprófinu MELB og í sjálfsprottnu tali tjá þau sig í marktækt styttri setningum, nota ekki eins fjölbreytt orð og gera fleiri villur en eintyngdir jafnaldrar (Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Í grunnskólanum eru framfarir í orðaforða fjöltyngdra barna hægar en eintyngdra barna (Sigríður Ólafsdóttir, 2016). Brottfall úr framhaldsskóla er algengara og börn innflytjenda fara síður í framhaldsnám. Staðan er grafalvarleg og við henni þarf að bregðast. Brýnt er að huga vel að málfærni barna í öllum tungumálum sem þau tala og stefna þarf að því að þau nái góðri þekkingu á íslenskunni. Leikskólaárin gegna þar lykilhlutverki en færni barna í íslensku við lok leikskóla spáir fyrir um námsgengi í grunnskóla (Jóhanna Einarisdóttir o.fl., 2016). Góð færni í samfélagsmálinu íslensku er mikilvægur þáttur að því að aðlagast íslensku samfélagi. Rannsóknir sýna að magn og gæði málörvunar á leikskólaárum er það sem skiptir mestu máli við að efla færni barna í tungumálinu. Fjallað verður um stöðuna og nefndar nokkrar leiðir til úrbóta eins og skimunartækið LANIS og Orðaheimurinn málörvunarverkefni fyrir leikskólabörn.

Stofa M102



**DR. ÍVAR RAFN
JÓNSSON**

Lektor við
Háskólann á Akureyri

Að vera læs á námsmat

Til að nemendur geti nýtt sér upplýsingar sem fást úr námsmati og leiðsögn kennara, þurfa þeir annars vegar að vera læsir á þá orðræðu og hugtakanotkun sem er við lýði í námsmati. Í fyrirlestrinum beini ég sjónum sérstaklega að spurningunni um hvaða lærdóm megi draga af hugtökunum námsmatslæsi (e. assessment literacy) og læsi á endurgjöf (e. feedback literacy).

AÐALFYRIRLESARAR

Hvað er að vera læs?

Stofa N101



**AUÐUR S.
BJÖRGVINSDÓTTIR**

Læsisfræðingur og
aðjúntkt við
Háskóla Íslands



**GUÐBJÖRG R.
ÞÓRISDÓTTIR**

Læsisfræðingur og
læsisráðgjafi
hjá Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Heimalestur: Mikilvægi samstarfs og sveigjanleika í heimalestrarþjálfun út frá stöðu heimilis og nemenda í lestri.

Á Íslandi er löng hefð fyrir því að heimili taki þátt í lestrarþjálfun barna á fyrstu stigum lestrarnáms. Þjálfun og endurtekning er mjög mikilvægur hluti lestrarkennslu og stuðningur á heimilum til viðbótar lestrarkennslu getur átt sinn þátt í því að börn nái fyrr tökum á lestri. Það er þó afar mikilvægt að hafa í huga að heimilin eru misvel í stakk búin að takast á við þjálfunina og þurfa ólíkan stuðning frá skólanum. Einnig er staða barna misjöfn og fleiri þættir sem hafa áhrif á gengi þeirra í lestrarnámi, svo sem þroski og félagsleg staða og því ná þau ekki öll góðum tökum á grunnþáttum lestrar á sama tíma. Þetta getur þýtt það að nemendur í sama bekk eru mislangt á veg komnir í lestrarnámi sínu og þá er eðlilegt að kennarar aðlagi bæði lestrarkennslu og þjálfun að þörfum nemenda sinna, hvort heldur sem um styrk- eða veikleika er að ræða. Að auki kallar samstarf við heimilin um lestrarþjálfun á gott upplýsingaflæði og samtal um ólík hlutverk svo líkurnar á að þær mínútur, sem heimilin leggja til við þjálfunina, nýtist barninu vel í lestrarnámi þess.

Í fyrirlestrinum ætla Auður og Guðbjörg að fjalla um fræðilegar og hagnýtar hliðar heimalestrar fyrir nemendur á öllum aldri og hvernig nýta má heimalesturinn til að styrkja og efla lestrarfærni og áhuga nemenda á lestri.

MÁLSTOFUR

Fyrir hádegi

Málstofa M201	Málstofa M202	Málstofa M203	Málstofa L201	Málstofa L202	Málstofa L203
Málstofulota I					
10:50-11:20	10:50-11:20	10:50-11:20	10:50-11:20	10:50-11:20	10:50-11:20
<u>Graphogame - lestrarleikur</u>	<u>Er tæknin að takmarka orðaförða barna?</u>	<u>Geta gagnreyndar kennsluáferðir dregið úr ójöfnuði í (lestrar)námi barna?</u>	<u>Umhyggja og aðrir mikilvægir þættir í kennslu fjöltýngdra nemenda: Niðurstöður úr rannsókn</u>	<u>Staf fyrir staf: Lært að lesa og skrifa latneskt letur</u>	<u>Lestrar- og lesskilningsþjálfun á unglíngastigi</u>
Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir	Nói Kristinsson	Anna-Lind Pétursdóttir, Auður S. Björgvinsdóttir, Amelia Jara Larimer og Kristján Ketill Stefánsson	Hanna Ragnarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Anh-Dao K. Tran	Gígja Svavarsdóttir, Þorgerður Jörundsdóttir og Guðrún Árnadóttir	Magdalena Berglind Björnsdóttir
Málstofulota II					
11:25-11:55	11:25-11:55	11:25-11:55	11:25-11:55	11:25-11:55	11:25-11:55
<u>Áhrif fimipjálfunar á lesfimi barna í 2. bekk</u>	<u>Orðaförðaþema leikskólans</u>	<u>Þekktir víkingar og óþekktir ferfætlingar: Hvernig gerum við börn læs á samfélag fortíðar?</u>	<u>ÍSAT og lestrarkennslan</u>	<u>Ritunarkennsla í framhaldsskóla. Hvað er kennt og hvað þurfum við að kenna?</u>	<u>Lestrarfærni og lestrarhlutverk</u>
Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir	Anna Borg Harðardóttir, Lóa Björk Hallsdóttir og Hulda P. Haraldsdóttir	Brynildur Þórarinsdóttir	Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir	Katrín Ósk Þráinsdóttir	Sigurrós Eidsdóttir

MÁLSTOFUR

M 2 0 1

STOFA

M 201

10:50-11:20

**SIGURLAUG RÚN
BRYNLEIFSDÓTTIR**

Kennsluráðgjafi
grunnskóladeildar
Kópavogsbæjar

Graphogame - lestrarleikur

Graphogame er kennsluforrit í lestri sem á uppruna sinn í Finnlandi. Forritið var hannað af sérfræðingum á sviði lestrar og byggir á rannsóknum sem voru gerðar í Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi í þeim tilgangi að greina þætti sem hafa forspárgildi um dyslexíu. Forritið hefur verið staðfært á 11 tungumál og nú síðast á íslensku. Í apríl og maí á þessu ári var gerð rannsókn á áhrifum íslensku staðfæringarinnar á framfarir nemenda í lestri. Um er að ræða samanburðarrannsókn og voru þátttakendur nemendur í 1. bekk í grunnskólum Kópavogs. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða áhrif það hefur á lestrarfærni nemenda að spila leikinn í 15 mínútur á dag og að skoða hvernig hefði tekist til við staðfæringu forritsins. Á málstofunni verður greint frá innihaldi og uppbyggingu kennsluforríttisins en auk þess verður farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

STOFA

M 201

11:25-11:55

**SIGURLAUG RÚN
BRYNLEIFSDÓTTIR**

Kennsluráðgjafi
grunnskóladeildar
Kópavogsbæjar

**DR. ZUILMA
GABRÍELA
SIGURDARDÓTTIR**

Prófessor við
Háskóla Íslands

Áhrif fimipjálfunar á lesfimi barna í 2. bekk

Lesfimipjálfun (e. Precision Teaching) er gagnreynd kennsluáferð sem byggir á gagnastýrðum ákvörðunum varðandi kennslu og nám. Áferðin á rætur sínar að rekja til atferlisgreiningar og var þróuð af Ogden R. Lindsley sem var nemandi B.F. Skinners. Eitt af meginmarkmiðum fimipjálfunar er að nemendur nái hámarksfærni (e. mastery) í því sem þeir eru að læra. Hámarksfærni er skilgreind út frá tíðni réttra svaranna á tímaeiningu. Því hraðari svörin á tímaeiningu þeim mun meiri hámarksfærni. Precision Teaching byggir á því að nemendur sjá sjálfir um að safna gögnum í formi tíðni- og tímamælinga eða hlutfalli svaranna á ákveðnum tíma. Niðurstöður mælinga skrá nemendur á þar til gerð hröðunarkort og stunda þannig sjálfsefirlit í eigin námi. Út frá gögnunum eru sett markmið með kennara um frammistöðu sem nemendur stefna að því að ná á tilteknum tíma. Á tímabilinu febrúar – maí 2024 vann ég að rannsókn í tengslum við meistaraverkefnið mitt í hagnýtri atferlisgreiningu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif fimipjálfunar á lesfimi nemenda í 2. bekk. Átta þátttakendur í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í rannsókninni sem stóð yfir frá byrjun febrúar fram yfir fyrstu viku maímánaðar. Um einliðasniðstíllraun er að ræða þar sem margfalt grunnskeiðssnið yfir nemendapör var notað til að meta áhrif inngrips. Á málstofunni mun ég greina frá framkvæmd rannsóknarinnar og niðurstöðum hennar ásamt því að ræða hagnýtinguna sem er fólgin í því að nemendur haldi utan um gagnaskráningu og að gögnin séu nýtt til markmiðasetningar og í ákvarðanatöku varðandi áframhaldandi kennslu og þjálfun.

MÁLSTOFUR

M 202

STOFA

M 202

10:50-11:20

NÓI KRISTINSSON

Sérfræðingur á
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Er tæknin að takmarka orðaforða barna?

Rannsókn sem er í vinnslu. Í nútíma samfélagi, þar sem tæknin hefur tekið stórt stökk fram á við, vaknar spurningin um áhrif tækni á orðaforða barna. Rannsóknin beinir sjónum að því hvort notkun þýðingartækja og stafrænna aðstoðartækja eins og Google Translate og gervigreindar, dragi úr eða viðhaldi fjölbreytileika í orðaforða barna. Með því að bera saman enska frumtexta Harry Potter við íslenska þýðingu og útgáfu þýdda með Google Translate, skoða ég hvernig þýðingar geta haft áhrif á orðaforða, dýpt texta og fjölbreytileika. Auk þess verður horft til annara texta og textagerðar með aðstoð tækninnar. Rannsóknin sem ég er að vinna að notar tölfræðilegar aðferðir til að greina orðtíðni, Type-Token Ratio (TTR), og aðrar mælingar á lexískum fjölbreytileika. Niðurstöðurnar varpa ljósi á takmarkanir þýðingartækja og annarra aðstoðartækja og hvernig þær geta minnkað málumhverfi barna, sem gæti haft neikvæð áhrif á þróun orðaforða og flóknari málnotkun. Þessi rannsókn er mikilvæg í ljósi síaukinnar notkunar á tæknilegum hjálpargögnum í menntun og námi og hvernig slík notkun getur haft óæskilegar afleiðingar á málþroska enda er æ meir horft til möguleika þessarar tækni sökum smæðar málsamfélagsins. Með því að skilja betur þessi áhrif getum við mótað kennsluáferðir og námsgögn sem hvetja til dýpri orðaforða og læsisþróunar hjá börnum. Erindið mun hvetja til umræðu um mikilvægi fjölbreytts lesefnis og mannlegrar þýðingar og vinnslu á námsefni til að viðhalda ríku og fjölbreyttu tungumáli.

STOFA

M 202

11:25-11:55

ANNA BORG HARÐARDÓTTIR

Leikskólakennari

Orðaforðapema leikskólans

Í þessari málstofu kynnum við kennsluhætti sem auka orðaforða og málskilning barna í daglegu starfi leikskólans. Unnið er með orðaforðaplaköt inni á deildum leikskólans. Mismunandi orðflokkapema í hverjum mánuði eins og t.d. líkamshlutar, dýr, húsbúnaður, störf, sagnorð o.s.frv.

Grunnurinn að þessum plakötum er orðaforðalisti Menntamálastofnunar.

MEÐHÖFUNDAR:

Lóa Björk Hallsdóttir
og Hulda P. Haraldsdóttir

MÁLSTOFUR

M 2 0 3

STOFA
M 203
10:50-11:20

DR. ANNA LIND
PÉTURSDÓTTIR
Prófessor við HÍ

AUÐUR S.
BJÖRGVINDÓTTIR
Aðjúnkt við HÍ

AMELIA LARIMER
Doktorsnemi

KRISTJÁN KETILL
STEFÁNSSON
Lektor við HÍ

Geta gagnreyndar kennsluaðferðir dregið úr ójöfnuði í (lestrar)námi barna?

Kennsluhættir geta haft mikil áhrif á lestrarnám barna í upphafi grunnskóla, sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti. Lög og reglugerðir héraendis kveða á um að skólar eigi að stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers barns og skapa þeim jöfn tækifæri til náms. Jafnframt er kveðið á um að nýta gagnreynda þekkingu og snemmtækan stuðning. Í erindinu verður fjallað um gagnreyndar kennsluaðferðir í lestrarkennslu byrjenda og gildi þeirra í að styðja við nám barna í áhættu, skapa jafngildari tækifæri og draga úr ójöfnuði. Sjónum verður einkum beint að félagakennslu sem erlendar rannsóknir hafa sýnt að geti skilað fjölþættum ávinningi fyrir nám nemenda og samfélagið í heild. Lýst verður nýlegri samanburðarrannsókn, Samvinna um læsi fyrir alla, þar sem metin voru áhrif mismunandi kennsluaðferða á lestrarnám barna í 1. og 2.bekk. Átta skólum á höfuðborgarsvæði var skipt af slembivali í þátttökuskóla, þar sem PALS-félagakennsla var meðal lestrarkennsluaðferða, og samanburðarskóla með annars konar lestrarkennslu. Kennarar í þátttökuskólum fengu hálf dags námskeið og hófu beitingu K-PALS á haustönn og Grunn-PALS á vorönn 1.bekkjara. Metin var námsframvinda barna í hljóðþekkingu, umskráningu, lesfimi og lesskilningi, sérstaklega hjá börnum með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) og þeirra sem höfðu minnstu stafþekkinguna í upphafi 1.bekkjara, sem hætt er við lestrarerfiðleikum. Niðurstöður sýndu meðal annars vaxandi mun milli barna í áhættu og jafnaldra þeirra. Þannig drógust börn með ÍSAT og/eða litla upphafsþekkingu sífellt meira aftur úr jafnöldrum sínum með tímanum. Þessi svo kölluðu Mattheusar-áhrif reyndust mun meiri í samanburðarskólum en í skólum þar sem PALS-félagakennsla var meðal kennsluaðferða. Þannig tóku börn í áhættu mun meiri framförum í hljóðafimi, orðafimi, umskráningarfimi og lesfimi þegar PALS-félagakennsla var hluti af lestrarkennslunni. Niðurstöður benda til að félagakennsla sé skilvirk aðferð til að styðja við lestrarnám barna í áhættu og geti spornað við vaxandi ójöfnuði í (lestrar)námi meðal barna á Íslandi.

STOFA
M 203
11:25-11:55

BRYNHILDUR
PÓRARINDÓTTIR
Dósent við HA

Þekktir víkingar og óþekkt(t)ir ferfætlingar: Hvernig gerum við börn læs á samfélag fortíðar?

Stundum er haft á orði að fortíðin sé eins og framandi land. Það þarf þó ekki að fara langt aftur í tímann til að börnum þyki tíðarandinn framandi, í hugum þeirra er lífið ýmist í dag eða í gamla daga. Þegar meira að segja nýliðin uppvaxtarár foreldra þeirra tilheyra gömlu dögnum er okkur vandi að höndum. Hvernig förum við að því að fá börn til að lifa sig inn í jafn fjarlæga fortíð og landnámsöld? Hér gegna sögulegar barnabækur lykilhlutverki, verk sem skrifuð eru frá sjónarhorni barna og gefin eru út fyrir barnunga lesendur með tilheyrandi myndlýsingum og vísunum. Barnabækur með sögulega skírskotun geta komið að góðum notum í skólastarfi, þær geta gert börn læs á samfélag sitt og menningu, aukið áhuga þeirra og þekkingu á Íslandssögunni og eft þau sem sjálfstæða lesendur sem gera sér grein fyrir gildi þess að lesa. Höfundur hefur áralanga reynslu af því að matreiða menningararfinn fyrir börn. Hún hefur sent frá sér endursagnir af Íslendingasögunum, sögulegar skáldsögur fyrir börn sem gerast á miðöldum og heldur úti kennsluvefnum [www.islendingasogur.is](#). Í þessu erindi fjallar Brynhildur um nýja endurútgáfu sína af Njálu fyrir börn (Mál og menning 2023) og nýja ævintýrasögu sem hún byggir á Landnámu, Hólmasól í hásku (Menntamálastofnun 2024). Brynhildur mun ræða um kennsluaðferðir og skapandi vinnu út frá bókunum og sýna dæmi um verkefni og umræðuefni sem aukið geta skilning og áhuga nemenda á sögutímanum. Bækurnar eru notaðar á miðstigi en erindið hentar öllum sem vilja kenna um landnámsöld og fornar bókmenntir á skapandi hátt.

MÁLSTOFUR

L 201

STOFA
L 201
10:50-11:20

HANNA
RAGNARSDÓTTIR

Prófessor við HÍ

MEDHÖFUNDAR:

Kristín Jónsdóttir og
Anh-Dao K. Tran

Umhyggja og aðrir mikilvægir þættir í kennslu fjöltyngdra nemenda: Niðurstöður úr rannsókn á tungumálstefnu og starfsháttum fjölskyldna innflytjenda á Íslandi

Markmið þessa erindis er varpa ljósi á hvað leik- og grunnskólakennarar telja mikilvægast í kennslu fjöltyngdra nemenda. Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Tungumálstefna og starfshættir fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun. Gögnum var safnað í viðtölum við leik- og grunnskólakennara í fjórum sveitarfélögum. Byggt er á kenningum um fjölmennningarlega kennsluhætti og fjöltyngismenntun, svo og opinberri stefnumótun svo sem Menntun fyrir alla á Íslandi, Menntastefnu 2030 og tilheyrandi aðgerðaáætlun. Ræddar verða upplifanir, skoðanir og viðbrögð kennara við veruleikanum, tækifærum og áskorunum sem þeir mæta í daglegu starfi með nemendum með fjöltyngisbakgrunn. Niðurstöðurnar benda til þess að kennarar reyni að finna leiðir til að styðja við málproska, nám og vellíðan barna. Þó að kennararnir hafi allir lýst yfir skilningi sínum á mikilvægi móðurmála barnanna, var kennsla og stuðningur við þróun þeirra lítil í skólunum. Aðaláhersla var lögð á þróun íslenskukunnáttu. Hins vegar hvöttu kennararnir börnin, þegar það átti við, til að nota móðurmálin sín til að dýpka skilning á námsefninu. Að mati kennaranna lærðu sum börn íslensku fljótt en önnur áttu í erfiðleikum með hana. Þeir höfðu sömu skoðun á félagslegri aðlögun barnanna í skólunum. Enn fremur bentu kennararnir á það að íslensk og fjöltyngd börn væru fljót að skipta yfir í ensku í samskiptum milli sín. Fæstir kennaranna töldu sig hafa fengið nægan stuðning við innleiðingu nýrrar stefnu um fjöltyngi og fjölmenningu. Sumir þeirra lýstu vanmætti sem hafði áhrif á líðan þeirra og faglegt sjálfstraust. Kennarar óskuðu einnig betri hagnýtum upplýsingum og starfsþróun á þessu sviði en umhyggja þeirra fyrir öllum börnum var leiðarstef í svörum þeirra og heildarniðurstöðunum.

STOFA
L 201
11:25-11:55

SIGRÚN HELGA
SNÆBJÖRNSDÓTTIR,

Grunnskólakennari í
Síðuskóla á Akureyri

ÍSAT og lestrarkennslan

Frá Ísbrú - félagi kennara sem kenna íslensku sem annað mál, kemur málstofan "ÍSAT og lestrarkennslan" sem Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir leiðir. Málstofan fjallar um lestrarkennslu barna með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn. Börn sem koma til Íslands með annan tungumálabakgrunn er viðkvæmur hópur í grunnskólakerfinu og fyrstu mánuðirnir skipta sköpum þegar kemur að íslenskunámi þeirra. Því yngri sem þau koma til okkar í grunnskólann því mikilvægara er að þau fái góða lestrarkennslu. Þau sem þekkja ekki latneskt stafróf þurfa að fá góða kennslu í íslenska stafrófinu og máhljóðunum. Oftar en ekki hentar hinn venjubundni heimalestur alls ekki og því þurfa umsjónarkennarar í samvinnu við ÍSAT kennara að finna leiðir til að mæta þessum nemendum svo þeir fái heimalestraræfingar eins og önnur börn. Í málstofunni verður farið yfir leiðir og hugmyndir sem hægt er að nýta til að koma til móts við þennan hóp barna og hversu mikilvægt það er að skoða hvert einasta barn út frá stöðu þess í upphafi svo að framfarir verði sem mestar.

MÁLSTOFUR

L 202

STOFA

L 202

10:50-11:20

GÍGJA

SVAVARSDÓTTIR

Framkvæmdarstjóri
og kennari

ÞORGERÐUR

JÖRUNSDÓTTIR

Deildarstjóri í
Dósaverksmiðjunni

GUÐRÚN

ÁRNADÓTTIR

Deildarstjóri í
Dósaverksmiðjunni

Staf fyrir staf: Lært að lesa og skrifa latneskt letur

Dósaverksmiðjan fékk styrk frá Rannís árið 2023 til að vinna að námsefni til útgáfu fyrir nemendur sem ekki lesa latneskt letur. Miðað er við að efnið nýtist nemendum allt frá tíu ára til sjötugs og verður það gefið út af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Efnið er miðað við hæfniviðmið forstigs í íslensku sem öðru máli samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla en einnig fellur efnið að viðmiðum LESLLA (Literacy Education and Second Language Learning for Adults). Fyrstu áskoranir hjá Dósaverksmiðjunni við að kenna þessum hópi nemenda byrjuðu árið 2012. Við mættum miklum áskorunum því ekkert námsefni var til og lítið um fræðslu í boði um kennslu þessara hópa. Umræða um stöðu og nám þessa fólks á Íslandi var lítil sem engin. Fólkið sem við höfum kennt að lesa latneskt letur eru unglingar og fullorðin fólk frá Asíu, arabísku - og persneskumælandi löndum, fólk með kýrillískt letur, sem og fólk sem talar mismunandi tungumál frá mörgum löndum Afríku. Þau eru allt frá því að vera háskólamenntuð til þess að hafa mjög brotna skólagöngu.

Námsefnisgerð fyrir hópinn hefur verið í gangi hjá Dósaverksmiðjunni síðan árið 2017. Lögð er höfuðáhersla á að nemendur læri að lesa og skrifa á nýju letri ásamt því að læra íslensku sér til gagns. Það liggur ljóst fyrir að íslenskukennslan verður að fylgja með. Um þriðjungur allra nemenda hjá Dósaverksmiðjunni lærði latneskt letur um leið og þau lærðu íslensku árið 2023 eða um 1200 manns og var það fólk af mjög mörgum þjóðernum. En það er langt í land. Þeim, sem kenna íslensku sem annað mál eftir grunnskólastigið, er ekki skylt að kenna læsi á latneskt letur og fæstir framhaldsskólar kanna með skipulegum hætti lestrar- og skriftarkunnáttu nemenda á latneskt letur. Það skortir sárlega umfjöllun um þessa kennslu í námskrám allra skólastiga. Framhaldsskólum ber engin skylda til að gera fólk læst, ekki heldur á latneskt letur. Þessu þarf að breyta og þarna þarf samvinnu og gott samstarf þvert á skólastig.

STOFA

L 202

11:25-11:55

KATRÍN ÓSK
PRÁINSDÓTTIR

Læsisfræðingur og
læsisráðgjafi á
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Ritunarkennsla í framhaldsskóla: Hvað er kennt og hvað þurfum við að kenna?

Framhaldsskólanemendur eru mjög mislangt á veg komnir í ritun við upphaf framhaldsnáms og því úr vöndu að ráða hvað skuli kennt. Góð tók á almennu ritmáli er þó alltaf forsenda fyrir farsælu námi og starfi nemendanna þegar lengra er komið, en hvað felur þetta í sér? Þekkjja allir undirþætti ritunar og skipta þeir allir máli og þá jafn miklu máli? Hvaða leiðir er best að fara í kennslunni og hvernig forgangsröðum við? Hvernig eflum við áhuga nemenda á ritun? Ritunarkennsla er margrannsökuð víða um heim og mun fyrirnefndum spurningum verða svarað út niðurstöðum þessara rannsókna með það að leiðarljósi að auðvelda ykkur val á leiðum í kennslu ritunar.

MÁLSTOFUR

L 203

STOFA

L 203

10:50-11:20

MAGDALENA

BERGLIND

BJÖRNSDÓTTIR

Grunnskólakennari í

Húnaskóla

Lestrar- og lesskilningsþjálfun á unglingastigi

Fréttir af nemendum sem ekki geta lesið sér til skilnings hafa tröllriðið fjölmiðlum undanfarin misseri - en hvað erum við að gera til að breyta stöðunni? Nemendur í 9. og 10. bekk Húnaskóla á Blönduósi hafa undanfarin tvö ár fengið markvissa lestrar- og lesskilningsþjálfun. Í stundatöflunni þeirra eru 30 mínútur á viku sem fara í þessa þjálfun. Lesskilningsaðferðir eru kenndar og æfðar sem og raddlestur og lestrarlag. Árangurinn af þessum tímum er góður og almenn ánægja með fyrirkomulagið. Það væri gaman að kynna þetta fyrir kennurum sem kenna á unglingastigi - kennurum sem taka við nemendum þegar þeir eru orðnir læsir og sinna því ekki beinni lestrarkennslu. Nemendurnir þurfa samt sem áður aðstoð við lesturinn og lesskilninginn eins og dæmin sanna.

STOFA

L 203

11:25-11:55

SIGURRÓS

EIÐSDÓTTIR

Grunnskólakennari í

Réttarholtsskóla

Lestrarfærni og lestrarhlutverk

Í málstofunni mun ég fjalla um aðferðir sem ég hef nýtt mér í kennslu til þess að gera nemendur meðvitaðri um hvað felst í lestrarfærni þeirra, þ.e. hvað gerist þegar við lesum (sjáum fyrir okkur umhverfi, spyrjum spurninga, drögum ályktanir og tengjum við persónulega reynslu eða umheiminn). Ég mun sýna glærur sem ég nýti sem kveikju og dæmi um verkefni þar sem nemendur eiga að vera vakandi fyrir sinni lestrarfærni. Einnig mun ég fjalla um aðferð sem ég kalla lestrarhlutverk þar sem nemendur vinna saman í hópum og gegna ákveðnu lestrarhlutverki í vinnu með fræðilegan texta. Lestrarhlutverkin eru fjögur og eru eftirfarandi: orðaormur, yfirlit texta, tengja saman og umræðustjórnandi. Verkefnið byggi ég að hluta til á lýsingu verkefnis sem ég fann á Pinterest og svo nýtti ég hugmyndabanka sem birtist í bókinni Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

VINNUSTOFUR

fyrir hádegi

Vinnustofa L101	Vinnustofa L102	Vinnustofa L203
Vinnustofulota - fyrir hádegi		
10:50-11:50	10:50-11:50	10:50-11:50
<u>Gervigreindin sem verkfæri í læsi</u>	<u>Sjónarafli - þjálfun í myndlæsi</u>	<u>Viltu prófa Grunn- PALS kennslustund?</u>
Brynja Stefánsdóttir	Ragnheiður Vignisdóttir, Marta María Jónsdóttir og Ingibjörg Hannesdóttir	Auður Soffíu Björgvinsdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir og Sólveig Edda Ingvarsdóttir

VINNUSTOFUR

L101 og L102

STOFA

L 101

10:50-11:50

BRYNJA

STEFÁNSDÓTTIR

Grunnskólakennari í
Stapaskóla

Gervigreindin sem verkfæri í læsi

Hvernig er hægt að gefa gervigreindinni meira vægi þegar það kemur að úrvinnslu og skilningi á viðfangsefnum? Er hægt að fá gervigreindina inn sem aðstoðarkennara?

Kynntar verða hugmyndir að leiðum til að nota ChatGPT og Mizou bot í kennslu til að auðvelda bæði nemendum og kennurum úrvinnslu verkefna.

Í vinnustofunni munu einstaklingar spreyta sig á nemendamiðuðum verkefnum og læra hvernig hægt er að setja upp ferli sem stuðlar að læsi á fleiri en einn máta.

STOFA

L 102

10:50-11:50

RAGNHEIDUR
VIGNISDÓTTIR

MARTA MARÍA
JÓNSDÓTTIR

INGIBJÖRG
HANNESDÓTTIR

Listasafn Íslands

Sjónarafl – Þjálfun í myndlæsi

Listasafn Íslands gaf nýverið út námsefni þar sem lögð er áhersla á þjálfun í myndlæsi. Fræðsluefnið er hluti af stærra verkefni sem ber nafnið Sjónarafl, en fræðsludeild safnsins hefur unnið að verkefninu undanfarin ár í virku samstarfi við kennara og er þessi útgáfa afraksturinn af þeirri vinnu. Sjónarafl miðar með markvissum hætti að því að tengja kennslu í myndlæsi og listasögu við skólakerfið og auka þekkingu nemenda á menningarsögu og menningararfi þjóðarinnar. Þjálfun í myndlæsi eykur einnig hæfni í tjáningu, virkri hlustun, hugtakaskilningi og gagnrýnni hugsun. Fræðsluverkefnið Sjónarafl felur í sér valdeflingu þátttakenda til að skilja og takast á við myndrænar upplýsingar og heiminn eins og hann kemur þeim fyrir sjónir.

Í myndlæsi er unnið markvisst með umræðu- og spurnaraðferð kennslufræðinnar þar sem þátttakendum er gefið gott rúm til að tjá sig og lýsa eða túlka það sem þeir sjá. Með tímanum fá þátttakendur í verkefninu dýrmæta lykka sem veita þeim hæfni til að skoða og njóta myndlistar í hvaða formi sem er. Þá eru einungis tvö listaverk tekin fyrir í hverri kennslustund, en tekinn er allt að hálf tími til að greina, ræða um og rýna í hvert verk með virkri þátttöku nemenda. Myndlæsisþjálfunin fer fram með því að styðjast við valin verk úr safneign Listasafns Íslands og er fræðsluefnið sjálft unnið sérstaklega með kennara í huga – þannig að hvaða kennari sem er geti tekið efnið og notað í kennslu eða komið í heimsókn á safnið sem hluta af náminu.

Efnið er unnið út frá alþjóðlegum rannsóknnum og kennsluáðferðum í myndlæsi.

<https://www.listasafn.is/laera/sjonarafl-thjalfun-i-myndlaesi/>

VINNUSTOFUR

L103

STOFA

L 103

10:50-11:50

AUÐUR S.

BJÖRGVINSDÓTTIR

Aðjúntkt við HÍ

DR. ANNA LIND

PÉTURSDÓTTIR

Prófessor við HÍ

SÓLVEIG EDDA

INGVARSDÓTTIR

Doktorsnemi

Viltu prófa Grunn-PALS kennslustund?

Peer-Assisted Learning Strategies (PALS) eru gagnreyndar aðferðir sem byggja á markvissri kennslu og félagastuðningi. Efnið var þróað við Vanderbilt háskóla í Bandaríkjunum en hefur verið íslenskað og er aðgengilegt öllum án kostnaðar gegnum vefinn <https://www.sislvefur.is/>.

Áhrif notkunar K-PALS (Kindergarten PALS) og G-PALS (1st Grade PALS) verða kynntar í erindinu *Áhrif markvissrar hljóðaaðferðar og félagakennslu á lestrarfærni barna með vísbendingar um lestrarvanda*. Þar verður skýrt frá jákvæðum áhrifum notkunar kennsluefnisins á lestrarfærni þeirra nemenda sem standa höllum fæti við upphaf lestrarnáms.

Í þessari vinnustofu fá kennarar tækifæri til að kynnst efninu sjálfu og notkun þess. Sett verður upp kennslustund með einni æfingu úr Grunn PALS (G-PALS) kennsluefninu og þátttakendur kynnst efninu með því að setja sig í spor nemenda og fara með leiðsögn í gegnum æfinguna.

Í lokin verður svigrúm til að spyrja betur út í efnið og fá frekari upplýsingar. Rætt verður hvernig hægt er að nýta efnið einnig sem sérkennsluefni með einstaklingum eða minni hópum.

Athugið að ekki er um að ræða fullt námskeið í notkun efnisins en þrátt fyrir það ættu þátttakendur að fá góða innsýn í notkun kennsluefnisins.

MÁLSTOFUR

eftir hádegi

Málstofa M101	Málstofa M201	Málstofa M202	Málstofa M203	Málstofa L201	Málstofa L202	Málstofa L203
Málstofulota III						
13:45-14:15	13:45-14:15	13:45-14:15	13:45-14:15	13:45-14:15	13:45-14:15	13:45-14:15
<u>Málproskaröskun DLD á mið- og unglíngastigi</u>	<u>Áhrif markvissrar hljóðaðferðar og félagskennslu í lestrarfærni barna með vísbending um lestravanda</u>	<u>Lestrarkennsla með PALS aðferðinni og virk þátttaka nemenda í lestrarnámi</u>	<u>Breytingar á lesskilningi milli 2008 og 2020</u>	<u>Pappírleikhús með 5-6 ára börnum. Um notkun kamishibai til að efla frásagnarfærni leikskólabarna</u>	<u>Gagnvirkur lestur sem leið til að efla lesskilning á miðstigi grunnskóla</u>	<u>Akademískt læsi og farsæld í háskólanámi</u>
Póra Sæunn Úlfsdóttir og Sigrún Jónína Baldursdóttir	Auður S. Björgvinsdóttir, Amelia Larimer, Kristján Ketill Stefánsson og Sigurgrímur Skúlason	Kristján Ketill Stefánsson, Anna-Lind Pétursdóttir, Auður S. Björgvinsdóttir, Amelia Jara Larimer	Sigrún E. Kristinsdóttir, og Sigurgrímur Skúlason	Pascale Darricau, Rannveig Oddsdóttir og Anna Elísa Hreiðarsdóttir	Daniel Guðmundur Nicholl, Guðmundur Engilbertsson og Sigríður Ingadóttir	Ingibjörg Sigurðardóttir og Sigurður Kristinnsson
Málstofulota II						
14:20-14:50	14:20-14:50	14:20-14:50	14:20-14:50	14:20-14:50	14:20-14:50	14:20-14:50
<u>LÆK - verkefnið í Hafnarfirði</u>	<u>Áhrif leshömlunar á nám nemenda í grunnskóla og framhaldsskóla</u>	<u>Samræður í kennslustund</u>	<u>Ritunarramminn!</u>	<u>Próun lestrarfærni í 1. -2. bekk í Byrjendalæsis-skólum</u>	<u>Samræðufélagar: Aðferð sem styður við íslenskunám fjöltyngdra nemenda</u>	<u>Læsi fyrir lífið: Læsi á mið- og unglíngastigi</u>
Bjartey Sigurðardóttir	Pórdís Hauksdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Rannveig Oddsdóttir	Sólveig Zophoníasdóttir og Berglind Gísladóttir	Katrín Ósk Þráinsdóttir	Rannveig Oddsdóttir	Hermína Gunnþórsdóttir	Sigríður Ingadóttir og Anna Sigrún Rafnsdóttir

MÁLSTOFUR

M101

STOFA

M 101

13:45-14:15

PÓRA SÆUNN
ÚLFSDÓTTIR

Miðja máls og læsis

SIGRÚN JÓNÍNA
BALDURSDÓTTIR

Miðja máls og læsis

Málproskaröskun DLD á mið- og unglingastigi

Málproskaröskun DLD hefur áhrif á möguleika nemenda til að skilja það sem þeir lesa, eiga samskipti, á menntun, atvinnuþátttöku og til að stofna fjölskyldu. Þrátt fyrir að nemendur séu komnir á mið- og unglingastig þurfa þeir ennþá skilning, stuðning og leiðir til að ná árangri í námi.

Markmiðið með erindinu er að upplýsa og fræða um málproskaröskun DLD, algengi, einkenni og úrræði í daglegu starfi.

Málstofan er haldin í samvinnu Miðju máls og læsis og Málefis.

STOFA

M 101

14:20-14:50

BJARTEY
SIGURDARDÓTTIR

Læsisfræðingur á
Mennta- og lýðheilsusviði
Hafnarfjarðar

LÆK – verkefnið í Hafnarfirði

Veturinn 2023 - 2024 fór af stað samstarfsverkefni milli Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar og tveggja framúrskarandi rithöfunda, þeirra Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur og Gunnars Helgasonar. Verkefnið hlaut nafnið LÆK og er því ætlað að efla læsi og lestraráhuga nemenda á mið- og unglingastigi í grunnskólum Hafnarfjarðar, á hvaða stigi í lestri sem þeir kunna að vera. Skrifaðar voru smásögur sem tengjast hverjum skóla. Hugmyndir að sögunum voru sóttar til nemenda sem komu með tillögur að atburðum í sögunum, heiti á aðalsöguhetjum og völdu sögusvið sagnanna. Í hverjum skóla voru samdar tvær sögur; ein sem byggði á hugmyndum frá nemendum af miðstigi skólans og önnur frá nemendum af unglingastigi. Svo til allir nemendur sendu inn tillögur og bárust tillögur frá alls um 2.600 nemendum. Dregið var úr tillögnum í beinu streymi. Afraksturinn var hin bráðskemmtilega og hrikalega spennandi bók LÆK. Bókin inniheldur 18 smásögur.

Við útgáfu á LÆK var lögð áhersla á vandaða uppsetningu texta, góða leturgerð og leturstærð sem hentar nemendum í lestrarvanda. Í bókinni er einnig stutt umfjöllun um hvernig efla má dýpri lesskilning nemenda og er sú umfjöllun ætluð foreldrum og kennurum. Smásögurnar í LÆK eiga það sammerkt að ekki er allt sagt með berum orðum heldur koma fram upplýsingar sem gefa ýmislegt til kynna og þegar upplýsingabrotum er raðað saman fær lesandinn ákveðna mynd sem hann getur síðan túlkað. Hverri sögu fylgja tvær spurningar sem hafa þann tilgang að efla dýpri lesskilning nemenda, hvetja þá til að nota ályktunarhæfni sína, lesa á milli línanna og tengja söguna við eigin bakgrunnsþekkingu og upplifanir.

MÁLSTOFUR

M 2 0 1

STOFA
M 201
13:45-14:15

AUÐUR S.
BJÖRGVINDÓTTIR

Aðjúnkt við HÍ

AMELIA LARIMER

Doktorsnemi

KRISTJÁN KETILL
STEFÁNSSON

Lektor við HÍ

SIGURGRÍMUR
SKÚLASON

Prófræðingur við
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Áhrif markvissrar hljóðaðferðar og félagskennslu í lestrarfærni barna með vísbending um lestravanda

Skortur á lestrarfærni og hátt hlutfall barna sem fá sérkennslu eða stuðning hér á landi er áhyggjuefni. Vandinn er ekki aðeins sýnilegur í PISA heldur má sjá skort á grunnfærni í lestri í niðurstöðum lesfímiprófa á landsvísi. Með því að innleiða gagnreynda kennslu og markvissa hljóðaðferð í 1. og 2. bekk er hægt að koma betur til móts við nemendur með vísbendingar um lestravanda og auka líkur þeirra á að ná árangri. Peer-Assisted Learning Strategies (PALS) eru gagnreyndar aðferðir sem byggja á markvissri kennslu og félagastuðningi. K-PALS og Grunn-PALS (G-PALS) eru ætlaðar til lestrarkennslu byrjenda á síðasta ári leikskóla eða á fyrstu árum grunnskóla. Í rannsókninni var lagt mat á áhrif K-PALS og G-PALS á lestrarfærni nemenda með vísbendingar um lestravanda í 1. og 2. bekk. Notuð var hálfslambuð samanburðarrannsókn með endurteknum mælingum yfir þau tvö ár sem hún stóð yfir. Þátttakendur ($n = 86$) voru nemendur úr stærri rannsókn sem skilgreindir voru í áhættu á lestravanda vegna lítillar færni í fyrstu mælingu, í september í 1. bekk. Nemendur sem á þeim tíma gátu nefnt færri en fimm bókstafsheiti á mínútu og færri en fimm bókstafshljóð í heild voru skilgreindir í áhættu. Átta skólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt og fengu nemendur í fjórum þeirra kennslu með PALS en fjórir kenndu eins og áður. Lestrarfærni nemenda var metin sex sinnum á þessum tveimur skólaárum með fjölbreyttu lestrarmati. Metin var hljóðafimi, lesfimi, sjónrænn orðaforði, lestur orðleysa og lesskilningur. Greining gagna var framkvæmd tölfræðiforritinu Jamovi og notast við marglaga líkan vegna endurtekinna mælinga. Niðurstöður voru þær að nemendur með vísbendingar um lestravanda sem fengu kennslu með PALS náðu marktækt meiri framförum en þeir nemendur sem voru í samanburðarskólum. Mest voru áhrifin á hljóðafimi ($d = 1,04$) og orðleysur ($d = 0,83$) en áhrifin voru miðlungs á aðrar breytur. Þessar niðurstöður benda til þess að notkun K-PALS og G-PALS sé heppilegur kostur við lestrarkennslu byrjenda og geti skipt sköpum fyrir þann viðkvæma hóp nemenda sem stendur höllum fæti frá upphafi.

STOFA
M 201
14:20-14:50

ÞÓRDÍS
HAUKSDÓTTIR

Félags- og skólaþjónusta
A.-Húnavatnssýslu

DR. RANNVEIG
ODDSÓTTIR

Dósent við Háskólann á
Akureyri

GUÐMUNDUR
ENGILBERTSSON

Læsisfræðingur og lektor
við Háskólann á Akureyri

Áhrif leshömlunar á nám nemenda í grunn- og framhaldsskóla

Tilgangur með rannsókninni var að skoða upplifun nemenda af leshömlun á skólagöngu sinni, hvernig hún hafði áhrif á nám þeirra og hvað hægt væri að læra af reynslu þeirra. Rætt var við átta nemendur á aldrinum 16-17 ára með leshömlun í framhaldsskólum á Norðurlandi. Niðurstöðurnar benda til að viðmælendurnir hafi verið sáttir við þann stuðning sem þeir fengu í grunn- og framhaldsskóla en þeir þyrftu að sækjast meira eftir aðstoð í framhaldsskóla. Til að fá sem bestan stuðning við námið þurfa þeir að reiða sig á skilning og þekkingu samnemenda og kennara á leshömlun en það er ekki sjálfgefið, sérstaklega í framhaldsskóla. Því þarf að auka fræðslu um leshömlun, afleiðingar og úrræði fyrir bæði nemendur og kennara. Allir viðmælendur sem tóku þátt upplifðu að þeir væru að ná árangri í námi þrátt fyrir miklar áskoranir tengdar leshömluninni og er seigla einkennandi fyrir þá. Lykilhugtök: Læsi, leshömlun, farsæld, nám án aðgreiningar.

MÁLSTOFUR

M 2 0 2

STOFA
M 202
13:45-14:50

KRISTJÁN KETILL
STEFÁNSSON
Lektor við HÍ

DR. ANNA LIND
PÉTURSDÓTTIR
Prófessor við HÍ

AUÐUR S.
BJÖRGVINSDÓTTIR
Aðjúnkt við HÍ

AMELIA LARIMER
Doktorsnemi

Lestrarkennsla með PALS aðferðinni og virk þátttaka nemenda í lestrarnámi

Í þessu erindi verður fjallað um kennsluaðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að auki virka þátttöku nemenda í skólastarfi (e. student engagement*). Umfjöllunin byggir á ritstýrðri fræðibók sem kom út árið 2020 hjá Springer forlaginu og heitir „Student Engagement Effective Academic, Behavioral, Cognitive, and Affective Interventions at School“. Umfjölluninni verður skipt eftir kennsluaðferðum sem styðja við virkni í námi (e. academic engagement), hegðunarlega virkni (e. behavioral engagement), tilfinningalega virkni (e. affective engagement) og vitsmunalega virkni (e. cognitive engagement). Sérstaklega verður fjallað um rannsóknarniðurstöður sem beinast að lestrarkennslu með PALS (e. Peer Assisted Learning Strategy) aðferðinni sem notuð er í fjölda skóla á Íslandi (sjá <https://www.sislvefur.is/>). Erlendar rannsóknir á virkni PALS aðferðarinnar benda til að virk þátttaka í lestrarnámi aukist með notkun PALS. Aukin virkni í námi er einn þeirra grundvallarþátta sem ýtir undir innri lestraráhughvöt og er jafnframt verndandi þáttur fyrir brottfalli úr námi á seinni stigum. Samanburður á notkun PALS aðferðarinnar og hefðbundinnar lestrarkennslu bendir til aukinnar lestrarhæfni allra nemenda með notkun PALS. Þörfin fyrir að upplifa hæfni í lestri er jafnframt ein þeirra grundvallarþátta sem nauðsynlegt er að uppfylla til að styðja við virka þátttöku nemenda í lestrarnámi. Í erindinu verður fjallað um almenna uppbyggingu PALS aðferðarinnar við lestrarkennslu m.t.t. virkar þátttöku nemenda í lestrarnámi og þá sérstaklega rýnt í fyrirbyggjandi rannsóknir á notkun hópaskiptingar, einstaklingsmiðunar og leikja í skólastofunni.

STOFA
M 203
14:20-14:50

SÓLVEIG
ZOPHONÍASDÓTTIR
Aðjúnkt við HA

BERGLIND
GÍSLADÓTTIR
Dósent við HÍ

Samræður í kennslustund

Í erindinu verður fjallað um mikilvægi samræðna í kennslustundum og hvernig þær geta haft áhrif á virkni nemenda og árangur í námi. Með PLATO greiningarrámmann að leiðarljósi verður horft til þess hvernig gæði samræðna í kennslustundum eru metin út frá tveimur meginþáttum í kennslu sem eru (1) hvernig kennarar taka við og bregðast við svörum nemenda, og (2) hvort nemendur fá tækifæri til að taka þátt í samræðum. Fyrri hluti erindisins beinist að því hvernig viðbrögð kennara við svörum nemenda eru metin, frá einföldum staðfestingum eða endurtekningum á framlagi þeirra, yfir í djúpar og uppbyggjandi samræður sem stuðla að dýpri skilningi og sjálfstæðri hugsun hjá nemendum. Seinni hluti erindisins snýst um að skoða hversu mikil tækifæri nemendur hafa til að taka þátt í samræðum, allt frá mjög takmörkuðum tækifærum yfir ríkuleg tækifæri til samræðna, þar sem flestir nemendur eru virkir þátttakendur í samræðunum. Þá verður sérstaklega litið til niðurstaðna úr íslenskum skólum, bæði í stærðfræði og íslensku, og hvernig þær sýna fram á mismunandi framkvæmd og stig samræðna í kennslustofunni. Loks verður rætt um samræðuleikni kennara og nemenda og hvaða aðferðir og nálganir kennarar geta nýtt til að hvetja til markvissra samræðna sem efla skilning og virka þátttöku nemenda, eins og notkun opinna spurninga, hvatning til rökstuðnings og áhersla á að nemendur geti tjáð hugsanir sínar skýrt. Markmiðið með þessum erindinu er að veita kennurum, stjórnendum skóla og fræðifólki dýpri skilning á því hvernig samræður í kennslustofunni geta verið lykill að árangursríkari kennslu og námi.

MÁLSTOFUR

M 2 0 3

STOFA

M 203

13:45-14:15

SIGRÚN ERNA KRISTINSDÓTTIR

Próffræðingur hjá
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

SIGURGRÍMUR SKÚLASON

Próffræðingur hjá
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Breytingar á lesskilningi milli 2008 og 2020

Miklar breytingar hafa orðið í lestrarvenjum og notkun ungmenna á ólíkum tegundum texta. Niðurstöður alþjóðlegu PISA könnunarinnar benda til þess að þessar breytingar endurspeglar í færni nemenda í lesskilningi og fjölmargir sem starfa í skólasamfélaginu hafa bent á dæmi um breytingar. Á árunum 2017 til 2020 voru notuð prófatriði úr eldri prófútgáfum við gerð nýrra útgáfa. Þetta opnar möguleika á að kanna hve miklar breytingar hafa orðið í lesskilningi yfir rúmlega tíu ára tímabil.

Við rannsóknina voru notaðar tvær útgáfur af samræmdum könnunarprófum til að meta hvort breyting hefði orðið á frammistöðu nemenda á unglingastigi í lesskilning, prófútgáfa frá 2008 ($n = 4473$) og prófútgáfa sem notuð var 2019 ($n = 1942$). Prófútgáfunar voru tengdar saman með skörun á prófatriðum milli prófútgáfa sem var um 20%. Þessi aðferðafræðilega uppbygging gagnanna gefur kost á að tengja ólíka hópa með tengiatriðum (e. non-equivalent anchor test design) til að setja niðurstöður á sama undirliggjandi einkunna kvarða. Notað var svarferlalíkan (e. item response theory) til að tengja (e. link) frammistöðu í lesskilningi og meta breytingar.

Niðurstöður sýna að frammistaða nemenda var talsvert lakari árið 2019 en árið 2008 eftir að leiðrétt var fyrir mun á frammistöðu milli 9. og 10. bekkjar. Nemandi með meðalframmistöðu 2008 væri mjög góður í dag. Verkefnið var styrkt af nýsköpunarsjóði námsmanna

STOFA

M 203

14:20-14:50

KATRÍN ÓSK PRÁINSDÓTTIR

Læsisfræðingur og
læsisráðgjafi hjá
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

Ritunarramminn!

Ritunarramminn er matstæki og hjálpargagn fyrir ritunarkennslu í grunnskóla sem gefinn verður út í næsta mánuði! Í málstofunni verður ramminn kynntur og þátttakendur kynnast þeim efnisþáttum ritunar sem nemendur verða að ná til að verða góðir ritsmiðir og til að geta nýtt sér ritun í námi og starfi. Farið verður yfir notkunarmöguleika rammans til mats á ritunarhæfni nemenda sem og hvernig nota má hann til skipulags ritunarkennslu, bæði fyrir kennara einstaklingslega og fyrir skóla til að útbúa samfellu og réttan stíganda upp grunnskólann.

MÁLSTOFUR

L 201

STOFA
L 201
13:45-14:15

PASCALE
DARRICAU
Meistaraniemi

ANNA ELÍSA
HREIÐARSDÓTTIR
Dósent við Háskólann á
Akureyri

DR. RANNVEIG
ODDSDÓTTIR
Dósent við Háskólann á
Akureyri

Pappírsléikhús með 5-6 ára börnum: Um notkun kamishibai til að efla frásagnarfærni leikskólabarna

Málproski barna er ein meginundirstaða læsis. Mikilvægt er að leggja rækt við málproska barna á leikskólaárunum með áherslu á bæði málskilning og málnotkun. Frásagnir eru góð leið til að æfa hvoru tveggja. Á leikskólaárunum verða miklar framfarir í frásagnarhæfni en styðja má við þá framþróun með því að veita börnum tækifæri til að æfa sig að segja sögur. Í erindinu verður farið yfir niðurstöður rannsóknar um notagildi pappírsléikhúss sem aðferðar til að efla frásagnarfærni 5–6 ára barna. Pappírsléikhús (j. kamishibai) er frásagnarlist sem þróaðist á millistríðsárunum í japönskum borgum. Nú nýtur þessi frásagnarhefð vaxandi vinsælda víða um heim þar sem hún er talin auka þekkingu barna á frásagnarlist. Árið 2019 var hún innleidd í íslenskan leikskóla og gagna rannsóknarinnar var seinna aflað í smíðjum í skapandi starfi. Upplýsingum var safnað m.a. með myndbandsupptökum. Rannsóknin skoðar hvernig níu börn nýttu sér aðferðina bæði í sögustund og sögugerð til að efla frásagnarfærni sína. Í erindinu verður fjallað sérstaklega um notkun pappírsléikhúss í sögustund. Aðferðum grundaðrar kenningar er beitt í gagnagreiningu og niðurstöðurnar benda til þess að leikskólabörn geta notfært sér pappírsléikhús til að taka virkan þátt í frásögninni. Greint er hvernig sérkenni pappírsléikhúss ýta undir frásagnarnám barnanna. Niðurstöðurnar samræmast fyrri rannsóknum um notagildi pappírsléikhúss til að hjálpa börnum að tileinka sér fjölbreytta þætti frásagnarlistarinnar. Efnisorð: frásagnarfærni, leikskólabörn, pappírsléikhús/kamishibai

Þróun lestrarfærni í 1. og 2. bekk í Byrjendalæsissskólum

Byrjendalæsi er kennsluáferð í læsiskennslu fyrir yngstu bekkni grunnskóla þar sem lögð er áhersla á að vinna með alla helstu undirþætti læsis það er talað mál, hlustun, lestur og ritun. Þar sem aðferðin leggur áherslu á víða nálgun í læsiskennslu hafa verið uppi áhyggjuraddir um það að ef til vill sé ekki lögð nægileg rækt við lesturinn sem slíkan, það er kennslu í stöfum og hljóðum og þjálfun lesfimi. Í erindinu kynnir Rannveig niðurstöður rannsóknar á lestrarfærni barna í 1.–2. bekk í Byrjendalæsissskólum, þar sem kannað var hvernig lestrarfærni þróast á fyrstu tveimur árum grunnskólagöngu. Rannsóknin nær til 312 barna í 11 skólum sem nota aðferðir Byrjendalæsis í læsiskennslu. Lögð voru fyrir próf til að meta þróun stafabekkingar, lestrarfærni og lesskilnings barnanna á þessu tímabili. Frammistaða og framvinda barnanna var metin með því annars vegar að bera saman við tölur úr Lesferli hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og hins vegar að skoða framfarir yfir tímabilið eftir því hvernig börnin stóðu í upphafi rannsóknarinnar.

STOFA
L 201
14:20-14:50

DR. RANNVEIG
ODDSDÓTTIR
Dósent við HA

MÁLSTOFUR

L 202

STOFA

L 202

13:45-14:15

**DANIEL
GUÐMUNDUR
NICHOLL**

Grunnskólakennari í
Áslandsskóla

**GUÐMUNDUR
ENGILBERTSSON**

Læsisfræðingur og lektor
við Háskólann á Akureyri

**DR. RANNVEIG
ODDSÓTTIR**

Dósent við Háskólann á
Akureyri

Gagnvirkur lestur sem leið til að efla lesskilning á miðstigi grunnskóla

Lesskilningur er flókin hugræn færni sem krefst mikillar þjálfunar. Til eru aðferðir sem miða að því að efla lesskilning nemenda og þjálfna þá í þessari færni. Gagnvirkur lestur er ein þessara aðferða og sýna rannsóknir að gagnvirkur lestur er mjög árangursrík aðferð til að efla lesskilning (Hattie, 2009, bls. 203–204). Tilgangur þessarar rannsóknar var að meta áhrifin sem kennsluaðferðin gagnvirkur lestur hefur á lesskilning nemenda. Gagnvirkur lestur fær nemendur til að fylgjast með og meta skilning sinn á textanum á meðan lesið er og eftir að lestri er lokið. Aðferðin byggir á fjórum þáttum, þ.e. forspá, að draga saman aðalatriði, leita skýringa á orðum og hugmyndum og spyrja spurninga. Allt eru þetta þættir sem hafa tengsl við lesskilning sem nemendur með góða færni nýta sér þegar þeir brjóta lesefni sitt til mergjar. Rannsóknin var framkvæmd í 5. bekk í grunnskóla í Hafnarfirði. Rannsóknin var með hálftilraunasniði og stóð yfir í 10 vikur. Inngripið var í formi kennsluaðferðar þar sem tilraunahópur fékk kennslu í gagnvirkum lestri en samanburðarhópur ekki. Staðlað lesskilningspróf var lagt fyrir nemendur í upphafi og eftir inngrip. Niðurstöður mælinganna voru bornar saman til að meta áhrif aðferðarinnar. Unnið var út frá tveimur rannsóknarspurningum. Fyrri rannsóknarspurningin var hvaða áhrif gagnvirkur lestur hefur á lesskilning nemenda. Hin rannsóknarspurning var hvaða áhrif hefur rannsóknarverkefnið á mig sem verðandi kennara. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þær að nemendur sem fengu kennslu í gagnvirkum lestri sýndu meiri framfarir en nemendur í samanburðarhópi, niðurstaðan var þó ekki marktæk. Aðferðin sýndi mismunandi niðurstöður eftir árangri nemenda í upphafsmælingu. Þeir nemendur sem voru með lakari árangur í fyrri mælingu náðu meiri framförum á rannsóknartímanum en þeir sem voru með betri árangur. Ég öðlaðist skýrari mynd af því hvernig kennari ég vil vera, fékk meira sjálfstraust í kennslu og þroskaðist bæði sem einstaklingur og kennari.

Samræðufélagar: Aðferð sem styður við íslenskunám fjöltyngdra nemenda

Samræður gegna mikilvægu hlutverki í tileinkun máls en í gegnum samræður lærist orðaforði og málnotkun og börn læra að þekkja betur eigin hugsun, þjálfast í að leysa ágreining og álitamál og efla þannig að auki félagsþroska sinn og samskiptahæfni. Í þessu erindi verður sagt frá Námsefninu Talking Partners eða Samræðufélagar sem er skipulögð aðferð og safn verkefna sem henta vel til að efla orðaforða, málfræði, tjáningarfærni og skilning barna á aldrinum 4–12 ára á töluðu máli. Efnið er notað í samræðum með litlum hópi barna svo hægt sé að virkja alla og sníða kennslustundirnar að þörfum þeirra sem unnið er með hverju sinni. Kennsluskipulagið felst í inngripi sem ætlað er að hraða námi barnanna. Gert er ráð fyrir að kennt sé þrisvar í viku í u.þ.b. 25 mínútur í senn samkvæmt ákveðnu skipulagi yfir tíu vikna tímabil. Unnið er með þann orðaforða sem er í námskrá bekkjarins og hann valinn með það fyrir augum að auðvelda nemendum að taka þátt í bekkjarstarfi. Hver kennslustund hefst á fimm mínútna upphitun. Kennarinn getur síðan valið úr nokkrum leikjum til að brjóta ísinn og hita upp fyrir samræður tímans. Í kjölfarið er unnið með tvö ólík verkefni sem hvort um sig á að taka tíu mínútur. Dæmi um verkefni eru frásögn þar sem nemendur segja frá einhverju sem þeir hafa upplifað, endursögn t.d. á sögu eða mynd, lýsingar á hlutum, bera saman líkt og ólíkt, rannsaka og draga ályktanir, sögugerð og útskýringar. Í kennsluleiðbeiningum eru greinargóðar lýsingar á stigvaxandi sjálfstæði nemenda og hlutverki kennarans á hverju stigi. Lögð er áhersla á að kenna samræðureglur og fylgja efninu myndir sem notaðar eru til að útskýra og minna á reglurnar. Reynsla kennara af námsefninu Samræðufélagar hefur sýnt að nemendur eru áhugasamir og finnst tímarnir skemmtilegir og skráningar sýna merkjanlegan árangur nemenda.

STOFA

L 202

14:20-14:50

**DR. HERMÍNA
GUNNPÓRSÓTTIR**

Prófessor við HA

**DR. RANNVEIG
ODDSÓTTIR**

Dósent við Háskólann á
Akureyri

**RANNVEIG
SIGURDARDÓTTIR**

Sérkennsluráðgjafi

MÁLSTOFUR

L 203

STOFA

L 203

13:45-14:15

INGIBJÖRG
SIGURDARDÓTTIR

Aðjúntkt við HA

DR. SIGURÐUR
KRISTINSSON

Prófessor

Akademískt læsi og farsæld í háskólanámi

Hugtakið læsi sem bæði hefur verið notað í hefðbundinni merkingu um færni í lestri og ritun og einnig um fjölbreyttari hæfni til að lesa í merkingu margvíslegra þátta samfélagsins, til að mynda hvers konar tákni, myndir, atburðir og samskipti, enda er hugtakið „texti“ gjarnan notað í fleiri en einum skilningi. Í þessu sambandi er til dæmis talað um upplýsingalæsi, fjölmiðlalæsi og menningarlæsi svo fátt eitt sé nefnt. Háskólasamfélag er menningarheimur þar sem ákveðnar hefðir og vinnubrögð eru ástunduð sem nemendur þurfa að tileinka sér. Erlendis hefur færni á þessu sviði gjarnan verið nefnt akademískt læsi og talin undirstaða fyrir aðlögun nemenda og farsældar í námi. Hérlandis eru vissulega margir þættir í akademísku læsi kenndir í háskólum, einkum á fyrsta ári í grunnnámi. Spurningin er aftur á móti sú hvort lögð hafi verið nægilega meðvituð áhersla á þennan grunnþátt menntunar í uppbyggingu námsbrauta, ekki síst vegna síbreytilegrar samfélagsgerðar, vaxandi aðsóknar í háskóla og fjölbreyttari bakgrunns nemenda á undanförunum áratugum. Í erindinu verður fjallað um skilgreiningar á því hvað felist í akademísku læsi og kennslu þess hérlandis í samhengi við þróunarvinnu í vinnulagsnáms skeiði fyrir fyrsta árs nema í Félagsvísindadeild HA.

STOFA

L 203

14:20-14:50

SIGRÍÐUR
INGADÓTTIR

Sérfræðingur hjá
Miðstöð skólaþróunar við
Háskólann á Akureyri

ANNA SIGRÚN
RAFNSDÓTTIR

Sérfræðingur hjá
Miðstöð skólaþróunar við
Háskólann á Akureyri

Læsi fyrir lífið: Læsi á mið- og unglíngastigi

Í þessari málstofu verður starfsþróunarverkefnið Læsi fyrir lífið kynnt. Starfsþróunarverkefnið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglíngastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluáferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólalastarfi.

Í verkefninu Læsi fyrir lífið er unnið með læsi þvert á námsgreinar og fá kennarar leiðsögn og þjálfun í að kafa dýpra í viðfangsefni með nemendum og nota verkfæri á borð við gagnvirkan lestur, hugtakagreiningu, ritunarramma, samræður o.fl. til að efla skilning og nám nemenda.

VINNUSTOFUR

eftir hádegi

Vinnustofa L101	Vinnustofa L102	Vinnustofa L203
Vinnustofulota - fyrir hádegi		
13:45-14:55	13:45-14:55	13:45-14:55
<u>Nýtt námsefni í skrift - mikilvægi skriftarnáms</u>	<u>Komdu og skoðaðu Orð eru ævintýri</u>	<u>Hagnýtar leiðir til að efla orðaförða og lesskilning.</u>
Elín Lilja Jónasdóttir, Sigurlaug Rún Brynjólfsdóttir og Guðbjörg R. Þórisdóttir	Ragnheiður Vignisdóttir, Marta María Jónsdóttir og Ingibjörg Hannesdóttir	Guðrún Björg Ragnarsdóttir

VINNUSTOFUR

L101, L102 og L103

STOFA

L 101

13:45-14:55

**ELÍN LILJA
JÓNASDÓTTIR,**

Ritsjóri

Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu

**SIGURLAUG RÚN
BRYNJARSDÓTTIR**

Kennsluráðgjafi hjá
Kópavogsbæ

**GUÐBJÖRG R.
PÓRISDÓTTIR**

Læsisfræðingur og
læsisráðgjafi hjá Miðstöð
menntunar og skólaþjónustu

STOFA

L 102

13:45-14:55

**ANDREA ANNA
GUÐJÓNSDÓTTIR**

Sérfræðingur við
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu

**DRÖFN
RAFNSDÓTTIR**

Miðja máls og læsis

STOFA

L 103

13:45-14:55

**GUÐRÚN BJÖRG
RAGNARSDÓTTIR**

Kennsluráðgjafi hjá
Vesturmiðstöð

Nýtt námsefni í skrift og mikilvægi skriftarnáms

Í vinnustofunni verður fjallað um nýtt námsefni í skrift sem kemur út haustið 2024 á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Fjallað verður stuttlega um nýlegar rannsóknir um gildi skriftarkennslu og skriftarnáms á tímum upplýsingatækni, um gerð og uppbyggingu námsefnisins og loks fá vinnustofugestir að spreyta sig á atriðum sem varða grunnatriði skriftarkennslu og mat á skrift. Hér er gott tækifæri til að rifja upp gamla takta eða læra nýja!

Komdu og skoðaðu Orð eru ævintýri

Komdu og skoðaðu í kistuna mína – Orð eru ævintýri og tengt efni!

Farið verður yfir vegferðina við gerð bókarinnar og þær rannsóknir sem hún er byggð á. Einnig verða hugmyndabankar opnaðir auk vefefnis. Í vinnustofunni verður leitast við að miðla og prófa verklegt efni sem tengist bókinni.

Vinnustofan er ætluð leik – og grunnskólakennurum, einnig þeim sem kenna íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum.

Hagnýtar leiðir til að efla orðaforða og lesskilning

Kynntar verða hagnýtar leiðir til að efla orðaforða og lesskilning hjá grunnskólanemendum. Fjallað verður um fjölda orða sem er æskilegt að kenna hverju sinni, hvernig hægt er að útskýra orð og hvað þarf að huga þegar valin eru orð til kennslu. Áherslur og leiðir til að auka lesskilning nemenda verða einnig til umfjöllunar, leiðir sem geta eflt bakgrunnsþekkingu nemenda og styrkt þá í námi sínu óháð námsgetu. Byggt verður á gagnreyndum aðferðum í vinnustofunni.

Þátttakendur munu fá tækifæri til að prófa fjölbreyttar leiðir og vinna verkefni á borð við þriggja dálka glósur og 3 lykilorð auk fleiri verkefna sem geta aukið við orðaforða og lesskilning hjá nemendum.